

Sveitarfélagið Hornafjörður  
v/ sorpstöðvar Hornafjarðar  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 4. júlí 2018  
UST201805-333/H.G.  
08.03

### Áminning og krafa um úrbætur vegna vanskila á grænu bókhaldi

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 28. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Sorpstöð Hornafjarðar vegna vanskila á grænu bókhaldi fyrir árið 2017, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Rekstraraðila var veittur frestur til 12. júní sl. til þess að skila framangreindum upplýsingum fyrir árið 2017. Viðbótarfrestur var síðan veittur til 1. júlí sl. Upplýsingar bárust Umhverfisstofnun ekki fyrir þann tíma.

**Umhverfisstofnun veitir Sorpstöð Hornafjarðar hér með áminningu og krefst úrbóta sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 851/2002, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem rekstraraðili hefur ekki skilað grænu bókhaldi fyrir árið 2017. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 20. júlí nk.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 26.400.**

Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

  
Hlín Gísladóttir  
Lögfræðingur

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
Sviðsstjóri